

Landsfundi Kvenréttindafélags Íslands frestað

STJÓRN Kvenréttindafélags Íslands hefur ákveðið að fresta 16. landsfundi félagsins, sem halda átti 16.—17. nóvember nk. í Reykjavík.

KRFÍ er þverpólitískt félag sem vinnur að jafnrétti kvenna og karla og var stofnað árið 1907. Stjórn félagsins vill taka tillit til þess að þrír stjórnmalaflokkar halda fundi í Reykjavík umrædda nóvemberdaga, og ákvað því að fresta landsfundi félagsins fram til 15.—16. mars á næsta ári. Viðfangsefni landsfundar verður eftir sem áður áhrif örtölvutækninnar á stöðu kvenna og karla.

Þá hefur verið ákveðið að halda aðalfund í tengslum við landsfundinn og gefa félagsmönnum utan af landi, sem sækja landsfund, kost á að sækja aðalfund líka.

(Fréttatilkynning)

Stykkishólmur:

Grímnir sýnir „Ertu nú ánægð kerling“


Stykkishólmur, 9. nóvember.

LEIKFÉLAGIÐ Grímnir í Stykkishólmi frumsýndi í félagsheimilinu í gær leikritið „Ertu nú ánægð kerling“, eftir Svövu Jakobsdóttur og fleiri.


Leikstjóri var Hulda Ólafsdóttir og er þetta fyrsta leikritið sem hún setur á svið. Leiksýningin tókst í alla staði vel og leikurum og leikstjóra var fagnað í lokin.

Næsta sýning verður sunnudaginn 11. nóvember klukkan 21.

— Árni



Ásgerður Búadóttir



Valgerður Hafstað

Fjórar listsýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun

Í dag verða opnaðar fjórar listsýningar á Kjarvalsstöðum.

Þrjár sýninganna eru í vestursal Kjarvalsstaða. Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað og eru á sýningunni 16 verk. Hún nam í Handíða- og myndlistaskólanum og í málarskóla Vilhelms Lundström við Konunglegu akademíuna í Kaupmannahöfn. Ásgerður hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum bæði hérlendis og erlendis og má víða sjá verk hennar í opinberum stofnunum. Á árunum 1982—1984 tók hún m.a. þátt í Scandinavian Today í Bandaríkjunum og 1983—1984 í Borealis, sem var farsýning um Norðurlönd. Ásgerður fékk starfslaun Reykjavíkurborgar á þessu ári og sagði

hún í samtali við blm. Morgunblaðsins að það hafi haft mikið að segja fyrir sig. „Þetta auðveldaði mér mjög að vinna fyrir sýningu í sýningarsal Kaupmannahafnar, Nikolai, þar sem ég sýndi ásamt Svavari Guðnasyni listmálara og fyrir þessa sýningu á Kjarvalsstöðum.“ Ásgerður á sjálf flest þau verk sem hún sýnir nú. Hún sagði að sér fyndist oft erfitt að þurfa að fá verk, sem hún hefur selt fólki, lánuð til að setja upp á sýningum, því oft standa sýningarnar yfir í nokkra mánuði eða jafnvel ár. Ásgerður notar mikið ull og hrosshár í verk sín. Hún hefur einnig notað mikið það sem hún kallar randartækni og aðeins tvo eða þrjá meginliti. Litina

blandar hún sjálf til þess að fá fram hin ýmsu litbrigði.

Valgerður Hafstað sýnir um 50 málverk og vatnslitamyndir, unnid á síðastliðnum 2—3 árum. Valgerður stundaði nám við Akademi for fri og merkantil kunst í Kaupmannahöfn 1947—1948. Þá hóf hún nám í Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík til 1950. Valgerður fór síðan í framhaldsnám til Parísar og stundaði nám í Academi de la Grande Chaumière 1950—1952. Eftir að hafa dvalið hér heima við kennslu árin 1952—1953 fór hún aftur til Parísar, þar sem hún vann við steinda glugga og mósaik. Í París bjó hún til ársins 1974. Þá fluttist hún til New York, þar sem hún býr nú.

Blm. Morgunblaðsins ræddi stuttlega við Valgerði og sagði hún að það hefði góð áhrif á hana sem listamann að búa í New York. „Þar er gott að vinna, en erfitt að komast að í góðu gallerí, því samkeppnin þar er gífurleg.“ Valgerður sagði að sér þætti mjög gott að koma hingað til lands til að halda sýningu, því áhugi fólks á list hér á landi virtist vera almennur. Valgerður hefur sýnt m.a. í París, New York og Grikklandi og einnig hér á landi. Síðast á páskum 1983, er hún tók þátt í sýningu á kirkju-list á Kjarvalsstöðum. Valgerður notar mest vatnsliti og akríl, en á sýningunni eru einnig nokkrar myndir sem hún hefur unnið með blandaðri tækni.



SALIX

Útflutningur á heimamarkaði

OPIÐ TIL KL. 12 Í DAG
EN FRÁ KL. 14—17 Á MORGUN, SUNNUDAG

SALIX eru húsgögnin sem staðist hafa strangar gæðakröfur á erlendum markaði og hlotið þar umtalsverða hylli vandlátra kaupenda. Við getum nú boðið þessa vönduðu húsgagnasamstæðu á heimamarkaði.